

Alþingi
Erindi nr. P 136/1487
komudagur 26.3.2009

Landsbankinn

b/t Nefndarsviðs

Alþingi

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, 419. mál.

Meðfylgjandi er umsögn hagfræðideildar Landsbankans, gerð að beiðni efnahags- og skattanefndar.

Með kveðju,

Benedikt Stefánsson, fh. hagfræðideildar.

Tillagan	Athugasemdir
1. Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	Vaxtalækkunarferlið er hafið. Meti peningastefnunefnd Seðlabankans það svo að lækkun vaxta samrýmist stöðugu gengi má búast við að hún lækki vexti hratt á næstunni. Ákvörðun um stýrivexti er á forræði Seðlabankans, sem samkvæmt ákvörðun Alþingis er sjálfstætt stjórnvald. Ef pólitískur þrýstingur er settur á bankann væri fólgin í því mikil mótsögn og engin leið væri fyrir bankann að byggja upp trúverðugleika í peningamálastjórn til frambúðar.
2. Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta.	Ekki er hægt að færa haldbær rök fyrir því að lífeyrissjóðir hafi meiri þörf fyrir undanþágur frá núverandi takmörkunum en fyrirtæki, heimili eða önnur fjármálafyrirtæki. Á hinn bóginn er mikilvægt að ákvarðanir stjórnvalda taki mið af því að aflétta þarf höftum eins fljótt og auðið er.
3. Samið verði við erlenda eigendur krónueigna.	Um þetta eru flestir markaðsaðilar sammála og svo virðist sem einhver hreyfing sé komið á þetta mál af hálfu Seðlabanka Íslands. Hinsvegar er ekki ljóst hvaða eignir ríkið sjálft getur boðið, þ.e. að hve miklu leiti þessi viðskipti eru í reynd á forræði ríkisins. Hinsvegar er eðlilegt og sjálfsagt að ríkið standi ekki í vegi fyrir því að aðrir aðilar geti samið um eignaskipti án þess að bein gjaldeyrisviðskipti eigi sér stað.
4. Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.	Aðeins getur verið um eitt opinbert gengi krónunnar að ræða á hverjum tíma. Þar þurfa allir að sitja við sama borð. Væntanlega er hér átt við að slíkur uppboðsmarkaður sé virkjaður í tengslum við lið 3. Ekki augljóst að hvaða marki núverandi markaður er ekki uppboðsmarkaður. Sé verið að hugsa þennan markað í tengslum við lið 3 þarf ávalt að hafa í huga að aðild að AGS, sbr. stofnskrá sjóðsins, heimilar tæplega tvöfalda gengisskráningu
5. Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009.	Um þetta geta allir verið sammála, þ.e. að það sé jákvætt að nýju bankarnir verði fyllilega starfhæfir sem fyrst. Úr því sem komið er þessi dagsetning hinsvegar ekki raunhæf.

Tillagan	Athugasemdir
6. Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum.	Hér ræður mestu vilji erlendu kröfuhafanna, en það ætti að hafa jákvæð áhrif á allt bankakerfið ef þeir eru tilbúnir að vera virkir þátttakendur í uppbyggingarstarfinu. Virðist sem vilji fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem nú situr og meirihluta þingheims standi raunar til þess að þetta takist.
7. Unnið verði að sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana.	Hugmyndin er fremur óljós en í grundvallaratriðum er svigrúm til frekari hagræðingar og endurskipulagningar. Stóra spurningin er hversu mikið fjármagn ríkið myndi spara með þessum hætti. Niðurstaða um hlut ríkisins í innlendum fjármálastofnunum ræst m.a. af niðurstöðu skv. lið 6 að ofan.
8. Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka.	Erfitt að skilja þessa tillögu – ríkið er nú eigandi viðskipta-bankanna og því erfitt að sjá hversvegna ríkisábyrgð á lánum milli bankanna myndi vera til hagsbóta fyrir þá eða ríkið. Hins vegar gæti minni fjármála fyrirtæki haft gagn af slíku en gæta þarf þess að þær séu með jákvæða eiginfjárstöðu. Ríkið verður að fara varlega í þessu efni þar sem þetta mun auka hallarekstur ríkisins sem þó er ærinn fyrir.
9. Peningamagn í umferð verði aukið.	Í samkomulagi stjórnvalda við AGS eru ákvæði um aukningu peningaframboðs. Þetta þarf að skoða í samhengi við vaxtaákvæðanir og gilda sömu rök og í lið 1, þ.e. að best er að þessar ákvæðanir séu á forræði Seðlabankans og peningastefnunefndar.
10. Veitt verði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt.	Hér er um tæknilegt úrlausnarefni að ræða og þarf fyrst og fremst að greiða fyrir því á vettvangi Kauphallarinnar. Hinsvegar ber að líta til þess að nú eru í gildi strangar hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem að sjálfsögðu torvela slík viðskipti með hlutabréf í erlendri mynt.



Tillagan	Athugasemdir
11. Gerð verði drög að fjárlögum til ársins 2012.	Það er mjög eðlilegt að stefnt verði að því að gera slíkar langtímaáætlanir í tengslum við þær aðgerðir sem nú eru í gangi. Í samkomulagi stjórnvalda við AGS er gert ráð fyrir að svo verði gert. Ljúka á þessari vinnu fyrir mitt þetta ár.
12. Komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum.	Tillagan er fremur óljós og almennt orðuð. Samtök atvinnuvega og fyrirtækja ættu að geta rækt þetta hlutverk vel. SA hefur t.d. haldið reglulega slíka fundi frá því að hrunið varð.
13. Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings.	Ef mikill markaðsbrestur verður ljós gæti slík ráðstöfun verið nauðsynleg, en Íslendingar hafa fremur slæma reynslu af slíkum stofnunum eins og kunnugt er. Nýju ríkisbankarnir ættu að sinna þessum þörfum þegar starfsemin er komin vel á veg og mótsagnarkennt ef ríkið ætlaði að búa til nýtt ferli eða stofnun til að sinna þessu hlutverki.
14. Stutt verði við rannsókn- og þróunarstarf.	Mikilvægt atriði í niðursveiflu en erfitt markmið þegar niðurskurður stendur fyrir á öllum sviðum.
15. Fasteignamarkaðurinn verði örvaður.	Fasteignamarkaðurinn er nú að kólna eftir mikið þennslutímabil. Mikið offramboð er af húsnæði. Við þessar aðstæður væri óráðlegt að hið opinbera stuðlaði að því að halda fasteignaverði uppi eða stuðla að því að verð hækki.

Tillagan	Athugasemdir
16. Stimpilgjöld verði afnumin.	Þetta er góður kostur við þær aðstæður sem nú ríkja á fasteiganmarkaði en hefur tekjumissi fyrir ríkissjóð í för með sér sem þarf að mæta með öðrum ráðum.
17. Skattar verði lagðir á eignir erlendis.	Samrýmist sennilega ekki alþjóðlegum reglum og stöðlum. Um þetta geta gilt ákvæði tvísköttunarsamninga . Þá eru fjármálalegar eignir á Íslandi ekki skattstofn, heldur aðeins tekjur af þeim (fjármagnstekjur).
18. Skuldir verði felldar niður að hluta til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum.	Flatir niðurskurður er afar kostnaðarsöm leið sem skilar ekki tilætluðum árangri. Bankarnir vinna nú þegar með viðskiptavinum í skuldavanda og geta þurft að afskrifa hluta skulda í mörgum tilvikum. Almenn niðurskurðaraðgerð myndi ekki hjálpa mörgum þeirra sem eru í bráðum vanda en hinsvegar veita mörgum aðstoð sem eru ágætlega staddir. Þannig yrði hún dýrari en sértækar aðgerðir og skilar aldrei ábata fyrir samfélagið í samræmi við kostnað.